

Fundargerð 110. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn á Teams, 29. janúar 2026, kl. 13:00

Dagskrá:

- 1. Sóknaráætlanir landshluta. Ráðstöfun framlaga og sýnileiki**
- 2. Endurskoðun byggðaaætlunar – grænbók og næstu skref**
- 3. Önnur mál**

Mætt: Hólmfríður Sveinsdóttir, formaður (IRN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Baldur Þ. Guðmundsson (MNH), Dagný Arnarsdóttir (URN), Kristrún Friðriksdóttir (DMR), Óli Halldórsson (MNH), Páll Brynjarsson (SSV), Sigríður Elín Þórðardóttir (Byggðastofnun), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun), Þór Hauksson Reykdal (MRN) og Heba Guðmundsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Áshildur Linnet (FRN), Guðjón Björn Guðbjartsson (FOR), Guðný Hrafnkelsdóttir (ATRN), Margrét Erlendsdóttir (HRN), Sigríður Eysteinsdóttir (UTN) og Valgerður Rún Benediktsdóttir (sambandinu).

Formaður setti fundinn og hóf boðaða dagskrá.

Umfjöllun og afgreiðsla:

- 1. Sóknaráætlanir landshluta. Ráðstöfun framlaga og sýnileiki**

Eins og fram kom á 109. fundi stýrihópsins var tillaga meirihluta fjárlaganefndar um að breyta verklagi einstakra styrkveitinga nefndarinnar samþykkt við afgreiðslu fjárlaga 2026. Þannig munu 280 m.kr. renna eftir farvegi sóknaráætlana og var stýrihópnum og landshlutasamtökunum ætlað að finna leið til þess. Ákvörðun hefur verið tekin um að skipta fjármununum jafnt á milli landshlutanna átta. Stjórnir landshlutasamtaka sveitarfélaga bera ábyrgð á hvernig fjármunum er ráðstafað og gera það með vísun í sínar sóknaráætlanir. Í samræmi við hugmyndafræði sóknaráætlana er landshlutunum í sjálfsvald sett hvernig þau ráðstafa framlaginu. Framlögum getur til dæmis verið varið til tiltekinna áherslu- og öndvegisverkefna eða með samningum við lögaðila. Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál staðfestir verkefnin, líkt og sóknaráætlanasamningarnir kveða á um.

Ýmsar leiðir til þess að gera sóknaráætlanir sýnilegri voru ræddar. Hópurinn fól m.a. starfsmanni stýrihópsins, Hebu Guðmundsdóttur, að uppfæra einblöðung sóknaráætlana sem gerður var fyrir nokkrum árum sem kynningarefni og hefur nýst vel. Rætt var um áhersluverkefni sóknaráætlana og sýnileika þeirra. Hver er árangurinn, hverju hafa þau verið að skila? Byggðastofnun, í samræði við stýrihópinn hefur gefið út árlegar greinargerðir um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna, þar sem m.a. er gerð grein fyrir áhersluverkefnum landshlutanna. Góðar umræður sköpuðust um hvernig hægt sé að gera áhersluverkefni sýnilegri og með hvaða hætti sé hægt að sýna fram á hverju þau hafa verið að

skila. Hólmfríði, Páli og Hebu (og fleirum hjá Byggðastofnun, eftir þörfum) falið að hefja vinnu við það að finna leiðir til að auka sýnileika áhersluverkefnanna.

2. Endurskoðun Byggðaáætlunar – grænbók og næstu skref

Formaður tilkynnti að grænbók um byggðamál verði lögð fram í samráðsgátt stjórnvalda 30. janúar og að opið verði fyrir umsagnir þar til 2. mars 2026. Í febrúar verður hafist handa við vinnu við hvítbók, sem eru einhverskonar drög að þingsályktunartillögu. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu verðir lokið fyrir sumarið. Við þá vinnu verður leitað eftir nánu samstarfi við öll ráðuneyti. Áætlað er að tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2027-2041 og fimm ára aðgerðaáætlun verði lögð fyrir Alþingi haustið 2026.

3. Önnur mál

Formaður greindi frá því að hún ásamt framkvæmdastjóra SSNE hefði átt fund með menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra og fleirum frá MNH 28. janúar til að ræða m.a. stuðningskerfi nýsköpunar á landsbyggðinni og aðkomu ráðuneytisins þar að. Þá var greint frá að haldin verður vinnustofa MNH og landshlutasamtakanna um málið í næstu viku. Sigríður Elín fagnaði að til stæði að halda vinnustofu og óskaði eftir að Byggðastofnun yrði boðið að taka þátt í henni. Fulltrúi MNH kemur þeirri ósk á framfæri.

Annað var ekki rætt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:35.